



Bls. 21

Mjög skemmtileg keppni

Bls. 12



Verður að leiðrétta kjörin

Bls. 16



Sakna sumra leiktækjanna

Bls. 10



Að bóka sig tímanlega



Ræðst gegn verkjum!

Paratabs® – Öflugur verkjabani!



Notkunarsvið: Paratabs inniheldur parasetamól sem er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Það er notað við höfuðverk, tannpínu, tíðaverkjum o.fl. Einnig við sótthita af völdum inflúensu og annarra umgangspesta eins og kvefs. Lyfið inniheldur ekki ávanabindandi efni og hefur ekki sljóvgandi áhrif. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir parasetamóli eða er með lifrarsjúkdóma má ekki nota lyfið. Nýrna- og lifrarsjúklingum er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið. Of stór skammtur getur valdið lifrabólgu. **Aukaverkanir:** Parasetamól veldur sjaldan aukaverkunum og þolist yfirleitt vel í maga. Langvarandi notkun lyfsins getur valdið nýrnaskemmdum. **Skömmtun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.05

 **actavis**
hagur í heilsu



Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sætin 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Guðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Anna Lilja Sigurðardóttir
Ágúst Þorláksson
Bergþóra Margrét Jóhannsdóttir
Fjöla Jónsdóttir
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Ólafsdóttir
Harpa Ólafsdóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hulda Halsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Margrét Davíðsdóttir
Oddný Einarisdóttir
Ólaf Björk Björnsdóttir
Sigrður Ólafsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurlaug Gröndal
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Þórir Guðjónsson
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir
Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir
Elin Baldursdóttir
Elin Hanna Kjartansdóttir
Hallsteinn Friðbjósson

Starfsafl

Kolbrún Stefánsdóttir
Jóna Vigdís Kristinsdóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír,
auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hæfir sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Á forsiðu

Erna Aðalheiður Karlsdóttir,
sigurvegari í keppinni Vaskasti
uppvaskarinn

Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sætin 1.
Sími 510 7500/fax 510 7501

Skrifstofa Eflingar er opin á sumartíma frá öðrum mánudag í maí mánuði ár hvert kl. 08.30 – 16.00 á vetrartíma frá öðrum mánudag í september frá kl. 08.30 – 16.30. Alla föstudaga er skrifstofa lokað kl. 16.00

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern fimmtudag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar inn á bankareikning viðkomandi. Sími úthlutunarnefndar er 510 7510 myndsendir: 510 7511



Þráinn Hallgrímsson

Að sýna árangur

Engin félagshreyfing lifir til lengdar sem ekki sýnir árangur í verki. Það segir sagan okkur ótvírætt. Þjóðfélagsöfl eiga það flest sameiginlegt að það er hugsjónin í upphafi um að breyta þjóðfélaginu til góðs sem er drifkraftur umbótaaflla. Síðan kemur krafan um árangur.

Íslenska verkalyðshreyfingin getur um margt verið stolt af árangri liðinna ára. Með þjóðarsáttarsamningnum 1990 átti hreyfingin stærstan þátt í því að stöðva óðaverðbólgu sem gerði allar launabreytingar marklitlar. Kaupmátturinn brann í verðbólgunni hraðar en launahækkarnir komu inn. Það var verkalyðshreyfingin sem með atvinnurekendum og ríkisvaldi setti sér þau markmið að snúa þessu við. Það tókst. Með þessu móti fóru Íslendingar að nálgast líf skjör á Norðurlöndum, sækja aukinn kaupmátt og aukin réttindi með kjarasamningum og samstarfi við stjórnvöld.

Verkalyðshreyfingin hefur einnig komið að ýmsum góðum réttindamálum á síðustu árum. Lögin um fæðingarorlof og nú síðast aukin réttindi atvinnulauss fólks eru dæmi um árangur sem hreyfingin launafólks hefur náð á liðnum árum.

Gríðarleg breyting hefur einnig orðið í skipulagsmálum stéttarfélaganna. Ef litið er til Eflingar-stéttarfélags hefur félagið stigið mörg mikilvæg skref til umbóta fyrir félagsmenn sína frá sameiningarárunum. Upphaflega slagorðið sem þá varð til *sterkari saman* hefur sannað gildi sitt. Í kjarasamningum undanfarinna ára hefur Efling-stéttarfélag reynt að nýta sér þá sterku stöðu sem Flóabandalagið með Hlíf og VSFK hefur á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavíkurborgarsamningurinn sýndi styrk Eflingar í haust við erfiðar aðstæður. Á sama hátt er nú tekist á um mannsæmandi kjör fyrir umönnunarstörfina á hjúkrunarheimilunum. Þar verður að nást árangur.

Það hefur verið kjarninn í starfi Eflingar að nýta aukið afl sitt og stærð til að takast á við verkefni með markvissari hætti. Þannig hefur Sjúkrasjóður Eflingar stöðugt eftir réttindi félagsmanna allt frá fyrstu sameiningunni. Tekjutengdur sjúkrasjóður var fjarlægur draumur fyrir tíu árum þegar fyrstu tvö stéttarfélögin undirbyggju sameiningu. Nú eru tekjutenging orðin að veruleika fyrir heilu ári og á komandi aðalfundi verður enn aukið við réttindin.

Úti í þjóðfélaginu er litið til starfs- og menntamála innan Eflingar með virðingu. Starfsmenntaverðlaunin á síðasta ári innsigliðu margra ára farsælt starf að fræðslumálum félagsmanna Eflingar. Ein veigamikil ástæða fyrir árangri á þessu sviði var að eitt félaganna í sameiningunni, Starfsmannafélagið Sókn, bjó yfir mikilli þekkingu og reynslu á sviði menntamála þeirra sem höfðu stutta skólagöngu að baki. Það tókst að ná því markmiði að yfirfæra þessa þekkingu yfir á mörg önnur svið og verkefni.

Á sviði orlofsmála hefur Efling-stéttarfélag verið í fararbroddi með fjölbreyttan húsakost fyrir félagsmenn sem vilja eyða sumar- og vetrarfríum sínum á uppbyggilegan hátt til hvíldar og afþreyingar. Glæsileg orlofshús á leiguverði sem allir ráða við er flottur árangur þessa unga félags. Með útrás félagsins til Kaupmannahafnar er hafinn nýr kafli í réttindum félagsmanna til fjölbreyttari sumarleyfa – fyrir lítinn pening! Mörg hundruð manns ferðast líka með Eflingu á hverju sumri bæði innan lands og utan.

Á morgunverðarfundum Eflingar undanfarið hefur það komið fram að félagsmenn eru almennt sáttir við þjónustu Eflingar. Margir sækja þangað endurgjaldslausu þjónustu svo sem ráðgjöf hjá lögmönnum og ýmsa aðstoð frá kjaramáladeild félagsins.

En mikilvægast er að sofna ekki á verðinum. Krafan er áfram um árangur. Sá árangur sem við höfum náð hefur kostað umtalsvert starf á mörgum sviðum. Framundan eru ýmsar blikur á lofti – meðal þeirra eru neikvæðar horfur í efnahagsmálum. Þær munu áfram sjá okkur fyrir kröfunni um árangur. Minnumst þess að aðeins með þrautseigu og dugnaði munum við ráða við það langtíma-verkefni að eignast hér gott samfélag fólks.

Þráinn Hallgrímsson

EFNISYFIRLIT

Tekin skýrsla	8	Tengsl við atvinnulaust fólk rofin	24
Að bóka sig tímanlega	10	Ítaliuferðin	25
Verður að leiðrétta kjörin	12	Trúnaðarmenn í Reykholti	26
Ný leikskólabrú	14	Séreignarsparnaður	28
Sakna sumra leiktækjanna	16	Strandirnar seldust upp	30
Gömlu myndirnar	18	Hlakka til	34
Stórt markmið	20	Viltu verða félagsliði	38
Skemmtileg keppni	21	Þrjár góðar	44
Strákarnir hjá borginni	22	Frábært að fá upplýsingar	50



Hjúkrunarheimiladeilan

Okkur er full alvara

- segir Álfheiður Bjarnadóttir, talsmaður starfsfólks

Þetta hefur verið gríðarlega erfið deila sem við höfum gengið í gegnum á hjúkrunarheimilunum. Ég upplifi þetta þannig að það hafi verið nauðsynlegt fyrir fólkið sjálft að grípa í taumana með aðgerðum sínum. Það var búið að reyna allt annað. Auðvitað finnst okkur þetta neyðarrárræði að fara í setuverkföll og uppsagnir eru þrautalending. Það er alltaf sárt að þurfa að fara í aðgerðir á svona vinnustöðum. Fólkið á heimilunum eru vinir okkar og skjólstæðingar en ég held að forsvarsmenn hjúkrunarheimilanna hafi ekki áttað sig á þeim þunga sem er í kröfum starfsmanna og okkur er full alvara, segir Álfheiður Bjarnadóttir, talsmaður starfsfólks á hjúkrunarheimilum í viðtali við Eflingarblaðið.

Það er áberandi hve samstaða fólksins hefur verið órofa í þessum slag. Það hefur nefnilega komið í ljós að þetta er samheldinn hópur sem er að berjast fyrir kjörum sínum, hvort sem hann vinnur í Kópavogi, Reykjavík, Hafnarfirði eða Hveragerði

Álfheiður sagði að sér litist betur á stöðuna eftir að fundir hófust með samninganefnd SFH, Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu. Það er ljóst á þessari stundu að það er verið að setja vinnu í þetta en okkur hefur fundist

að forsvarsmenn heimilanna og samninganefnd þeirra áttaði sig ekki á því hve málið er alvarlegt. Það er fyrst þegar setuverkföllin hefjast að menn kveikja á því að fólk er að undirbúa uppsagnir sínar og sættir sig alls ekki við núverandi kjör.

Það er líka löngu tímabært að leiðrétta kjörin enda um hálft ár síðan viðmiðunarhópar okkar hjá Reykjavíkurborg fengu sínar leiðréttingar. Á síðustu dögum hef ég orðið hóflega bjartsýn á það að okkur takist að leysa þessa deilu, en þá þarf að koma alger skilningur á því að höfum krafist þess að ná fram sömu launum fyrir sömu vinnu miðað við fólk í umönnunarstörfum hjá borginni. Frá því verður ekki hvíkað.

Ég held líka að það hafi verið mjög nauðsynlegt að fólkið sjálft kom inn í þetta og skipulagði eigin aðgerðir. Stundum þarf fólk bara að finna það að það þarf sjálft að koma að málum og taka ábyrgðina á eigin kjarabaráttu þegar hefðbundnar og venjulega aðferðir duga ekki. Ég tel að það hafi orðið ákveðin breyting á viðhorfi hjúkrunarheimilanna þegar þessar aðgerðir hófust.

Annars er tvennt fyrir utan þetta sem mig langar að nefna. Annars vegar er það órofa samstaða fólksins sem hefur verið áberandi í þessum slag. Það hefur nefnilega komið í ljós að þetta er samheldinn hópur sem er að berjast fyrir kjörum sínum, hvort sem hann vinnur í Kópavogi, Reykjavík, Hafnarfirði eða Hveragerði. Þetta fólk upplifir allt það sama að launakjörin sem boðið er upp á, eru úr öllum takti við þá ábyrgð og álag sem starfsmenn taka á sig.

Hitt eru vonbrigði mín með ráðamenn þjóðarinnar. Að það skuli þurfa þrýsting dag eftir dag í fjölmiðlum á ráðherra fjármála- og heilbrigðismála til að setja þessi mál í forgang. Það er erfiðt að skilja að ráðamenn sjái ekki samhengið í því að lág laun þýða að það vantar fólk til starfa og þeir verði að leggja fram fjármagn til að hægt sé að semja við fólkið.

En ég vil leggja áherslu á það að við eigum víðtækan stuðning við málstað okkar í þjóðfélaginu. Skjólstæðingar okkar og aðstandendur hafa sýnt okkar málstað virðingu og samúð. Okkur þykir vænt um þetta fólk sem við önnumst inni á heimilunum en því miður er það svo að allar aðgerðir í launamálum bitna á einhverjum. Ég vona bara að ráðamenn skilji að okkur er full alvara og við munum láta sverfa til stáls í þessu máli ef ekki næst að semja, segir Álfheiður Bjarnadóttir að lokum.



CHRISTIAN / DANCLOS

HEIMURINN Á



MARGT ÓLÆRT

Ferðu í **1. maí gönguna** í ár?

Fréttablað Eflingar fór á nokkra vinnustaði og spurði félagsmenn hvor þeir tækju þátt í útdagskránni á baráttudegi

verkalýðsins 1. maí. Komið var við á Leikskólanum Suðurborg í Breiðholti, Málningarverksmiðju Slippfélagsins,

Sundafrosti Eimskipa í Sundahöfn og Droplaugarstöðum við Snorrabraut.



Alltaf í kröfugönguna


- segir Anna María Árnadóttir

Anna María Árnadóttir, leiðbeinandi á Leikskólanum Suðurborg í Breiðholti, sagðist alltaf fara í kröfugöngu og á útfundinn. En kannski er ég ekki allan tíman á fundinum ef veðrið er vont. Svo hef ég líka þegið veitingar sem félagið býður alltaf uppá í Kiwanishúsinu við Engjateig í tilefni dagsins, segir hún.

Davíð Pétur Niels

Nauðsynlegt að minna á daginn

Davíð Pétur Niels vinnur í Málningarverksmiðju Slippfélagsins. Hann sagðist aldrei hafa tekið þátt í skipulagðri dagskrá á 1. maí. En málefni dagsins sé mjög gott og að það sé nauðsynlegt að minna á baráttudag verkafólks og tryggja launakjör þess.



Tilbúinn að standa vaktina aftur

- segir Sigurvin Jónsson

Sigurvin Jónsson hefur unnið í Sundafrosti hjá Eimskipum í Sundahöfn í fimmtán ár. Hann sagist hafa tekið þátt í dagskránni hér áður fyrr og hann væri tilbúinn að standa vaktina aftur og standa með sínum mönnum ef á þyrfti að halda. Kannski er orðið tímabært að endurvekja baráttuandann, segir hann.

Ekki tekið þátt

- segir Sigrún Skaptadóttir

Sigrún Skaptadóttir vinnur við umönnun á Droplaugarstöðum. Hún sagðist ekki hafa tekið þátt í dagskránni og hefði ekki ákveðið hvort einhver breyting yrði á því núna.

Hristu vöfflurnar fram úr erminni!

Með nýja Maizena vöffludeiginu ferðu létt með að gera ljúffengar vöfflur á svipstundu.

Bara setja mjólk saman við innihald brúsans, hrista, hrista, hrista og þá er það tilbúið.

Það fást einnig tvær gerðir af Maizena pönnukökudeigi; gömlu og góðu pönnurnar og svo þessar amerísku.



Og ef þú vilt auðvelda þér lífið enn frekar er fátt betra en Cremefine þeytirjóminn sem er gómsætur á bragðið en mun fituminni en venjulegur rjómi.



Freisting sem óhætt er að falla fyrir



Ireneusz Andrzej Gluchowski á fundi með starfsmönnum Eflingar og lögmanni

Pólverjamálið

Tekin skýrsla hjá lögreglu

Það var sagt frá því í síðasta Fréttablaði Eflingar að þegar pólskur verkamaður, Ireneusz Andrzej Gluchowski, kom til Íslands og hóf störf hjá verktakafyrirtækinu Jarðvélum, var ekki rétt staðið að því að tryggja honum réttindi og vernd gegn slysum eða veikindum. Tryggingafyrirtæki sótti um kennitölu í hans nafni, en engin umsókn var lögð fram um atvinnuleyfi. Pólverjinn fékk kennitölu en var af Þjóðsskrá settur á „Utangarðsskrá“, þar sem útlendir einstaklingar eru þar til frekari leyfi eru fyrir hendi. En Pólverjinn hélt einmitt áfram að vera réttindalaus á vinnustað. Enn hefur þetta mál ekki verið kært til yfirvalda þrátt fyrir yfirlýsingar um það.

Þegar hann síðan varð fyrir vinnuslysi og blóðeitrun og lá milli heims og helju á Landspítalanum hafði fyrirtækið gleymt honum og engar viðvörunarbjöllur heyrðust frá þeim stofnunum sem fylgjast eiga með útlendingum hér

Vinnumálastofnun sagðist
kæra málið.
Það hefur ekki verið gert

á landi. Eftirlitskerfið brást og hefur vart enn byrjað að uppfylla skyldur sínar. Þegar fjölmiðlar tóku að birta fréttir af málinu um síðustu áramót, tóku eftirlitsstofnanir við sér. Vinnumálastofnun sagðist kæra málið. En hjá Vinnueftirliti er lítið á þetta sem vandræðamál og engin viðbrögð hafa átt sér stað um nánari skoðun á málinu. Á meðan bíður fertugur Pólverji eftir svörum, búinn að missa báða fætur fyrir neðan hné, annað nýrð og mikla heyrn. Hann virðist réttláus á öllum vígstöðvum og verður fyrst og fremst að treysta á mannúðaraðstoð að óbreyttu.



Pólverjinn er ekki félagi í Eflingu, en félagið hefur hins vegar tekið að sér að liðsinna honum eins og kostur er, veita honum ráðgjöf og styrkja hann fjárhags-

lega meðan hann býr enn við óvissu um réttindi og bætur.

Hinn 39 ára Pólverji, hefur nú ákveðið eftir margra mánaða bið eftir viðbrögðum eftirlitsstofnana að leita sjálfur til lögreglu. Það gerði hann föstudaginn 7. apríl sl. og var tekin lögregluskýrsla af honum um þá atburði sem leiddu til örku mla hans.

Ekki er á þessu stigi hægt að fullyrða um það hvernig þetta mál muni þróast. Á grundvelli lögregluskýrslu verður eflaust leitað eftir framburði vitna og síðan málið skoðað með lögfræðingum Eflingar hvaða úrræði eru í þessu hörmulega máli. Ljóst er að samkvæmt kjarasamningum átti Ireneusz að vera tryggður eins og aðrir launamenn, enda íslenskt tryggingafyrirtæki sem ber ábyrgð á að hafa sótt um kennitölu fyrir hann. Á ábyrgð fyrirtækisins sem hafði hann í vinnu og aðra þá sem tengdust vinnusambandi hans við atvinnurekanda mun því hugsanlega reyna í málinu.

Orlofssjóður Eflingar-stéttarfélags



Hafðu það gott í fríinu!

Efling-stéttarfélag leggur áherslu á að gera vel við félagsmenn sína í orlofsmálum. Félagið á nú orlofshús um allt land sem félagsmenn hafa verið duglegir að nýta sér. Einnig hefur félagið séð þeim sem vilja ferðast um Ísland fyrir fyrsta flokks tjaldvögnum.

Á hverju ári ferðast fjöldi félagsmanna innanlands og utan á vegum félagsins og fer áhugi á þessum ferðum stöðugt vaxandi.


EFLING
STÉTTARFÉLAG
Stendur með þér!

Haustlítaferð í orlofshúsið

Haust og vetur 2006

Nú er tímabært að fara að huga að haustlitunum. Bókanir fyrir haust og vetur 2006 hefjast 14. ágúst nk. og bókað er 6 mánuði fram í tímann.

Eingöngu er hægt að bóka sig í síma 510 7500 eða hér á skrifstofunni Sætúni 1, 105 Reykjavík.



Haustbyrjun á Illugastöðum

Bókaðu sem fyrst!!!

Kaupmannahöfn haust 2006

Nú er komið að því að bóka sig til Köben. Bókanir í íbúðirnar í Kaupmannahöfn hefjast þriðjudaginn 6. júní nk. Bókað er frá tímabilinu 1. september til og með áramótum.

Eingöngu er hægt að bóka sig í síma 510 7500 eða á skrifstofunni Sætúni 1, 105 Reykjavík.



Útimarkaður á Kóngsins Nýrtorgi

Hvar verð ég að ári????

Kaupmannahöfn vetur 2007



Bókanir í íbúðirnar í Kaupmannahöfn fyrir veturinn 2007, tímabilið 1. janúar til 1. júní, hefjast 14. ágúst nk.

Eingöngu er hægt að bóka sig í síma 510 7500 eða á skrifstofunni Sætúni 1, 105 Reykjavík.

Við vötnin í Kaupmannahöfn. Í hvíta húsinu í miðrið er önnur íbúð Eflingar



GUNNARS
Piparrótarsósa
170ml

GUNNARS
Graflaxsósa
170ml

GUNNARS
Græðpsósósa
170ml

GUNNARS
Hvítlauksósa
170ml

GUNNARS
170ml
Chilly Jalapeno
Inniheld: Jurtasolla, sýður njómi, vinn, eggjarauður, edik E260, sykurl, salt, krydd, rönnurinn, E211, E202
Næring í 100g: Orka 240 kJ, 58kcal, prótein 3,8g, kolefni 7,35g, feta 50g, Natrím 250mg

GUNNARS
Best fyrir,
- sjá dós.
170ml
Piparrótarsósa
Inniheld: Jurtasolla, sýður njómi, piparrót, eggjarauður, vatn, edik E260, sykurl, salt, krydd, rönnurinn, E211, E202
Næring í 100g/105ml: Orka 240 kJ, 58kcal, prótein 3,8g, kolefni 7,35g, feta 50g, Natrím 250mg



Verður að leiðrétta launakjörin

- segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar

Það verður að leiðrétta launakjörin á hjúkrunarheimilunum, segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar í viðtali við Eflingarblaðið. Við höfum leitað eftir kjarabótum fyrir þessa starfsmenn síðan um mitt síðasta ár og kjarabaráttu starfsmanna er þrautalending. Þeim er bara nóg boðið. Því miður er það svo að þeir ráðamenn sem tala hæst um að þurfi að leiðrétta kjör þeirra sem lakar standa, fara gjörsamlega af límingunni hvað eftir annað þegar stéttarfélagin ná þeim árangri, segir hann. Sigurður ræðir um stöðuna í atvinnu- og kjaramálum hér á eftir.

Allt frá miðju ári 2005 hefur Efling fundað með forsvarsmönnum Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu þar sem framkvæmd stofnunar­samninga aðila hefur verið til umfjöllunar. Því miður hefur skort verulega á að framkvæmd samningsins hafi verið með eðlilegum hætti þar sem ekki hafa fengist frá

Það var því merkilegt að fylgjast með hvernig sumir áhrifamenn fóru nánast á límingunni þegar niðurstaða samningsins lá fyrir

samningsaðila umbeðin gögn varðandi framgang samningsins. Ekki bætti um skák þegar leiðréttingar sem gerðar voru á samningi ríkisins s.l. haust fengust ekki yfirfærðar til hjúkrunarheimilanna. Þá voru þau svör gefin af hálfu samninganefndar ríkisins að ábyrgð á framkvæmd samnings hjúkrunarheimilanna væri ekki á þeirra vegum.

Kraumandi óánægja starfsmanna

Allt síðan þá hefur kraumað óánægja starfsmanna með stöðu mála þar sem engin viðbrögð hafa verið að hálfu samningsaðila og á sama tíma hefur undirmönnun farið vaxandi. Reyndir

starfsmenn hafa verið að segja upp og inn hefur verið ráðið reynsluminnna fólk í tímabundnar ráðningar sem áfram hefur leitt til vaxandi vinnuálags. Starfsmenn hafa litið til samnings Reykjavíkurborgar sem eðlilegt viðmið í launum og hafa óskað eftir leiðréttingum þar sem greidd yrðu sömu laun fyrir sömu vinnu. Á það hefur ekki verið fallist.

Starfsmenn líta svo á að þeir séu komnir að endimörkum þolinmæðinnar. Þeir upplifa að ráðamenn ætli ekkert að gera. Setuverkföll starfsmanna eru nauðvörn þessa fólks sem síðan telur sig ekki eiga annan kost en að segja upp störfum.

Fyrir alla þá sem fylgst hafa með þessu máli hefur vakið mesta furðu hvernig fjármála- og heilbrigðisráðherra hafa neitað að horfast í augu við ábyrgð sína í málinu. Ljóst er að kostnaðurinn af þessum kjarasamningi er greiddur af ráðuneyti fjármálaráðherra og með sama hætti ber heilbrigðisráðherra faglega

ábyrgð á starfsemi heimilanna. Aldr- að fólk á rétt á umönnun og það er á borði þessara veggja ráðherra að tryggja rekstur heimilanna. Það þýðir ekki að vísa bara á samningsaðilana en þrýsta hvorki á faglega ábyrgð né tryggja fé til að lagfæra launin, segir Sigurður.

Reykjavík sýndi kjark

Ég vil minna á það hvernig ástandið var hjá Reykjavíkurborg áður en samið var þar síðastliðið haust. Þar var mikill skortur á starfsfólki svo lá við neyðarástandi en nýr samningur gerbreytti ástandinu á leikskólum borgarinnar og kjörum í öðrum umönnunarstörfum. Mikil óánægja ríkti meðal starfsfólks með kjörin áður en samningurinn var gerður. Með kröfum Eflingar og síðan umræðu í samfélaginu skapaðist samhljómur um að nú væri tímabært að lagfæra kjör starfsmanna sem störfuðu við þessi erfiðu störf.

Það var því merkilegt að fylgjast með hvernig sumir áhrifamenn fóru nánast á límingunni þegar niðurstaða samningsins lá fyrir. Gerður var kjarasamningur sem færði fólki verulegar kjarabætur, kjarabætur sem það sannanlega hefur unnið fyrir. Samningsaðilar voru kallaðir óábyrgir en þegar mesta moldviðrið var rokið hjá þá gengu önnur sveitarfélög frá samsvarandi hækkunum til starfsmanna sinna. Heimurinn hefur ekkert farið á hvolf við það.

Einfalt ráð til ráðamanna

Ég á eitt einfalt ráð til ráðamanna. Það er hægt að fara eins að á hjúkrunarheimilunum. Það er ekkert annað að gera í þessari stöðu en leiðrétta kjör þessa fólks. Því fyrr því betra.

Frjáls för launafólks

Fyrsta maí n.k. verður starfsfólki frá nýjum ríkjum ESB heimilt að koma til Íslands án atvinnuleyfa. Ný löggjöf liggur fyrir þinginu sem gengur út frá því að fyrirtæki verði að tilkynna ráðningu á ríkisborgurum þessara ríkja þar sem fram kemur nafn atvinnurekanda, kennitala og heimilisfang og að sömu upplýsingar séu um þann sem ráða á. Með tilkynningunni skal fylgja ráðningasamningur sem tryggir útlendingnum laun og önnur starfskjör samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum.

Efling hefur gert alvarlegar athugasemdir við áformaða framkvæmd þessa ákvæðis um ráðningasamninga. Það er reynsla félagsins að ef viðkomandi stéttarfélag hefur ekki gögn um fyrirtækið

Efling hefur gert alvarlegar athugasemdir við áformaða framkvæmd þessa ákvæðis um ráðningasamninga

og ráðningasamninga, þá er það í mjög veikri stöðu til að fylgjast með því að atvinnurekendur framfylgi lögum og kjarasamningum. Gert er ráð fyrir því að Vinnumálastofnun skuli afhenda stéttarfélögum í viðkomandi starfsgrein afrit af ráðningasamningi útlendingsski stéttarfélagið eftir því enda liggi grunur um brot á gildandi kjarasamningi. Þetta er að mati Eflingar algerlega óásættanlegt og félagið varar við þessari framkvæmd.

Ljóst er að Vinnumálastofnun er hvergi í stakk búin til þess að meta hvort ráðningarsamningar fari að kjarasamningum. Hjá Eflingu er löng reynsla og þekking af því að fást við ýmis vandamál sem tengjast atvinnurekendum með erlenda starfsmenn í vinnu. Sú þekking er

frá upphafi ráðningu.

Því miður hefur ríkistjórnin ekki sett þau lög og reglur sem til þarf varðandi erlenda þjónustu og verktakafyrirtæki sem starfa hér á landi. Enn einu sinni eigum við að leysa málin eftir á í stað þess að búa til vönduð lög og reglugerðir sem tryggja rétt aðkomumanna sem og heimamanna svo að þessar breytingar riðli ekki um koll því kjara- og félagslega umhverfi sem við öll viljum viðhalda.

Vaxandi verðbólga áhyggjuefni

Nú þegar baráttudagur verkafólks er í nánd, þá er ástæða til að óttast verðból- guskriðu í kjölfar veikingar krónunnar samfara stöðugum spádómum um veika stöðu íslensks fjármálamarkaðar. Hækkandi bensín- og olíuverð er dæmi um verðbreytingar sem stjórnvöld geta haft áhrif á til að hamla gegn verðbólgu.

Við höfum á undanförunum samningstímabilum náð árangri í kjarabaráttu vegna þess að við höfum gert kröfur um kaupmátt en ekki bara krónutölu. Það verður erfiðast fyrir launafólk með



Fyrrverandi fjármálaráðherra tekur við mótmælum starfsfólks

ekki til til staðar hjá Vinnumálastofnun hvorki á einstökum kjarasamningum né samningsumhverfinu eða atvinnurekendum í einstökum greinum. Vinnumálastofnun vinnur ekki í einstökum kjarasamningum og þekkir ekki til framferðis einstakra atvinnurekenda á sama hátt og stéttarfélagið.

Það vekur furðu að það þurfi að liggja fyrir grunur um brot á kjarasamningi til þess að fá ráðningasamninga afhenta ekki nema menn telji það boðlegt vinnulag að leiðrétta alltaf kjörin eftir á í stað þess að hafa ráðningasamningana rétta

lágur tekjur og millitekjur ef verðbólga magnast hér fram eftir ári.

Engin rök eru fyrir því að kenna launahækkunum um verðbólguna, sem allir eru nú samdóma um að stafi af gengissigi og veingu íslensks fjármálamarkaðar. Það hlýtur hins vegar að vera mikilvægasta verkefni stjórnvalda að sporna við þessari þróun. Þar þýðir ekki að henda boltanum bara á milli sín eins og ráðherrar hafa tamið sér í yfirstandandi kjaradeilu á hjúkrunarheimilum, segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar að lokum.



Ef þátttaka verður næg

Ný leikskólabrú í haust?

Nú er verið að kanna hvort þátttaka er næg til að setja af stað nýja leikskólabrú í haust en þetta er námsleið fyrir starfsmenn með langa starfsreynslu á leikskólum sem lokið hafa öllum námskeiðum á vegum Eflingar-stéttarfélags og menntasviðs.

Þau námskeið þurfa að vera Fagnám-skeið I og Fagnám-skeið II. Þessi námsleið er nú kennd fyrir þrjá hóp á leikskólastarfmönnum en fyrsti hópurinn útskrifast vorið 2007 með ný réttindi á vinnumarkaði eftir að hafa lokið 32 ein-

Því hefjum við nú innritun í nýjan hóp í Leikskólabrúarnám þessa dagana

inga námi á framhaldsskólastigi.

Það er almenn ánægja með þetta nám og hefur Efling-stéttarfélag fundið fyrir miklum áhuga fyrir að haldið sé áfram á sömu braut. Því hefjum við nú innritun í nýjan hóp í Leikskólabrúarnám

þessa dagana til að kanna hve hópurinn er stór sem vill nýta sér þessa námsleið. Þessi leið er kennd eitt kvöld vikulega í fjórar annir.

Vinsamlegast hafið samband við Eflingu-stéttarfélag. Skráning annast þær Fjóla Jónsdóttir og Sigurlaug Gröndal. Þegar ljóst er hver þátttakan er verða frekari ákvarðanir teknar varðandi kennslu í haust.

Þeir sem innrita sig þurfa að hafa unnið við þetta starf í að minnsta kosti þrjú ár og vera orðnir 22 ára.



NEYTENDAVERÐLAUN 2006



EKKERT
BRUÐL

Við þökkum fyrir okkur

Starfsfólk Bónuss

Neytendaverðlaunin eru veitt af Neytendasamtökunum og Bylgjunni í tilefni af Alþjóðadegi neytendaréttar.



Spítalaleikskóli í Vatnsmýrinni

Sakna sumra leiktækjanna

segir Rut J. Areliusdóttir

Ég byrjaði að vinna á leikskólum fyrir tuttugu og sjö árum en réði mig svo á Leikskólann Sólbakka sem Ríkisspítalarnir ráku. Hann var staðsettur við eina flugbrautina á Reykjavík-urflugvelli ekki langt frá Blómastöðinni Alaska. En hún varð að víkja og seinna hlutu leikskólinn og Alaska sömu orlög. Þá tók Reykjavíkurborg við rekstrinum og flutti leikskólann uppí Stakkahlíð, sagði Rut J. Areliusdóttir, leiðbeinandi þegar hún rifjar upp með okkur starfseminu á leikskólanum áður en hann flutti úr Vatnsmýrinni. Mig minnir að fjórtán starfsmenn hafi annast þrjátíu og átta börn á þrem deildum og eldhúsið á þessum tíma og að flestir hefðu ráðið sig hjá borginni þegar flutningurinn var ákveðinn.

Það voru starfsmenn á Landspítalanum sem voru foreldrar flestra barnanna

Leikskólinn var opinn í 70 klukkustundir í hverri viku

og starfsemi leikskólans var þá með allt öðrum hætti. Við unnum á þrískiptum vöktum og konurnar sem mættu til vinnu klukkan tíu mínútur fyrir sjö, tóku á móti fyrstu börnunum og svo voru þau að tínast á leikskólann fram eftir degi.

Börnin sem fóru síðast heim á kvöldin voru kölluð kvöldbörn og kvöldkonan var konan sem sá um að gefa þeim að borða.

Kvöldbörn og kvöldkonur

Á laugardögum var opið frá klukkan sjö til fjögur síðdegis og þeim var skipt á milli starfsmanna sem vildu vinna.

En yfirleitt sáu tvær konur um að passa börnin ef þau voru fleiri en þrjú sem komu á leikskólann, segir hún. Þessi tiltekni dagur gekk undir heitinu gallabuxnadagur af því að launin sem við fengum greidd fyrir þessa vinnu dugðu fyrir einum gallabuxum.

Rut segir að kvöldbörnin hafi komið í skólann um svipað leyti og seinni drekkutíminn byrjaði og þegar börnin í daggæslu fóru heim hafi þau átt svolítið erfitt með að skilja afhverju þau máttu ekki fara heim líka. En þá lagði maður bara harðara að sér við að hafa ofan af fyrir þeim og þá voru þau fljót að jafna sig, segir hún.

Dagleg starfsemi á leikskólanum var að öðru leyti ekki mjög frábrugðin því sem hún er í dag. En aðstaðan fyrir börnin og starfsmennina lagaðist mikið eftir að við fluttum og núna höfum við m.a. aðgang að tölvu, ljósritunarvél og

fleiri tækjum sem eru nauðsynleg í þessu starfi, segir hún. Svo ráðum við líka yfir ágætis leikföngum og leiktækjum af ýmsum stærðum og gerðum og ekki er annað að sjá en að börnin séu ánægð með þau.

Saknar sumra leiktækjanna

Rut segist sakna sumra leiktækjanna sem voru á útisvæðinu á gamla leikskólanum og voru mjög vinsæl hjá börnunum og fullorðna fólkinu líka, segir hún.

Mér finnst t.d. mikil eftirsjá af kastala sem var búinn til úr rúllum undan rafmagnsstrengjum og gömlum báti með litlu stýrishúsi. En sennilega hafa þau farið á einna af áramótabrennum í borginni og fólk á öllum aldri horft hugfangið á eldtungurnar teygja sig til himins.

Skemmtileg nálægð við flugvöllinn

Nálægðin við flugvöllinn hafði oftast jákvæð áhrif á starfið í leikskólanum. En stundum brá okkur þegar vélarnar flugu mjög lágt yfir svæðið og þá beygðum við okkur ósjálfrátt niður. Börnunum fannst mjög gaman að fylgjast með flug-

Þessi tiltekni dagur gekk undir heitinu gallabuxnadagur

vélunum og stundum sáu þau fallhlífa-stökkvara koma svífandi til jarðar.

Þá var Öskjuhlíðin í næsta nágrenni við leikskólann og við fórum oft þangað í gönguferðir og ýmsa skemmtilega leiki. Við eignuðum okkur líka fallegt rjóður í einni hlíðinni og börnin fengu að mæla trén á vorin og aftur á haustin og fylgdust með vexti þeirra.

En við urðum líka fyrir ýmsum óþægindum bæði frá ferðamönnum og fólki sem hafði verið að skemmta sér á dansleikjum á Hótel Loftleiðum. Ferðamenn áttu það til að reisa tjöld sín á útisvæðinu eftir að leikskólanum var lokað á kvöldin. En þegar börnunum var hleypt út á morgnana var svefnfriðurinn úti og þeir voru fljótir að láta sig hverfa.

Rut segir að ferðamennirnir hafi oftast gengið vel um útisvæðið en ástandið hafi ekki verið eins gott um helgar eftir næturheimsóknir dansleikjagesta.

Það var oft okkar fyrsta verk á mánu-dagsmorgnum að tína upp glerbrot og hreinsa ýmsan annan ófögnuð áður en börnunum var hleypt út. Sem betur fer sést svona umgengni ekki á leiksvæðum við leikskólana lengur, segir hún.

Margar eftirminnilegar stundir

Hún segist líka hafa upplifað marga skemmtilegar og eftirminnilegar stundir í Vatnsmýrinni. Ég annaðist til dæmis fjögur börn sömu foreldra og þegar yngsta barnið kom á leikskólann var það elsta orðið fjórtán ára.

Ég man líka eftir því að einu sinni kom sautján ára piltur í leikskólann með gítarinn sinn og spilaði og söng í afmælisveislu sem við höldum fyrir systur hans. Þegar söngnum var lokið kom hann til mín og sagði mér að hann ætti líka lítinn bróðir á leikskólanum og að hann hefði sjálfur verið á leikskólanum þegar hann var barn og ég hefði líka passað hann, sagði Rut og brosti.

Rut J. Arelliusdóttir er leiðbeinandi á leikskólanum Sólbakka



Þegar leikskólanum var lokað voru húsin aðskilin og seld í fjórum einingum og hefur blaðið heimild fyrir því að verslunarrekstur sé stundaður í tveimur húsanna fyrir austan fjall. Myndin var tekið þann 1. júlí 2004



1. maí ganga 1935

Gamla myndin okkar að þessu sinni er frá 1. maí göngunni í Reykjavík árið 1935. Á myndinni sjást nokkrir félagar úr Varnarliði verkalyðsins sem stofnað var á fjórða áratugnum. Þeir ganga

með hvítar kylfur fremst í göngunni. Margir hafa álitnið stofnun Varnarliðsins andsvar verkafólks við átökunum 1932 en eftir þau setti lögreglan upp 100 manna varalið sem lagt var niður 1943.

Hvað sem því líður kemur hvergi fram að Varnarlið verkalyðsins hafi nokkurn tíma átt í átökum við lögregluna en milli Varnarliðsins og Þjóðernissinna eða Nasista ríkti ekki góður friður.



Baráttudagurinn 1936

Á myndinni má sjá þá Hendrik Ottoson og Hauk Björnsson fremst í 1. maí göngunni í Reykjavík árið 1936

Skýlaus krafa félagsfundar

Sömu laun fyrir sömu vinnu



Fjölmennur félagsfundur Eflingar-stéttarfélags samþykkti einróma eftirfarandi ályktun 19. apríl sl.

Allt frá vorinu 2005 hefur Eflingar-stéttarfélag reynt að ná fram breytingum á samningi Eflingar og SFH, Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, þar sem til kæmu samsvarandi leiðréttingar og

í samningi ríkisins. Þessu hefur alfarið verið hafnað af stjórnendum hjúkrunarheimila.

Undanfarið hafa starfsmenn hjúkrunarheimila á höfuðborgarsvæðinu efnt til aðgerða til að knýja á um leiðréttingu launakjara sinna. Aðgerðir þeirra eru sjálfsprotttnar og til þess gerðar að

hafa áhrif á fjármála- og heilbrigðisráðuneyti, sem hingað til hafa ekki gefið nein fyrirheit um aukið fjármagn til hjúkrunarheimilanna til að hægt sé að lagfæra kjör þessa fólks. Með aðgerðunum hafa hátt í 1000 starfsmenn viljað vekja athygli á því misrétti sem þeir búa nú við miðað við aðra hópa við umönnunarstörf sem hafa fengið launaleiðréttingar að undanförnu.

Það er skýlaus krafa þeirra að kjörin verði leiðrétt til jafns við kjarasamning Reykjavíkurborgar frá síðastliðnu hausti. Viðbrögð starfsmanna eru neyðarúrræði launafólks á þessum vinnustöðum til að knýja fram sömu laun fyrir sömu vinnu.

Félagsfundur Eflingar-stéttarfélags tekur undir þessa réttmætu kröfu starfsmanna. Uppsagnir eru nú í gangi á þessum vinnustöðum þar sem gífurlegt álag ríkir vegna þess að of fátt fólk er eftir til að sinna mjög mikilvægum og vandasömum störfum við umönnun aldraðra.

Fundurinn beinir því til samninganefndar hjúkrunarheimilanna og heilbrigðis- og fjármálaráðuneytis að ganga þegar í stað að kröfum launafólks á vinnustöðunum til að koma í veg fyrir fjöldaupsagnir starfsmanna.

EINN RÉTTUR

-EKKERT SVINDL!

Átakið beinist **gegn** fyrirtækjum sem misnota erlent vinnuafli. Það beinist **ekki gegn** erlendu launafólki sem komið hefur hingað til starfa í góðri trú.

Það tapa **allir** á félagslegum undirboðum

Útlendingar

– hlunnfarnir um laun, starfskjör og aðbúnað

Íslendingar

– grafið undan þeim árangri sem náðst hefur á vinnumarkaði

Fyrirtækin

– grafið undan samkeppnisstöðu þeirra sem hafa hlutina í lagi

Samfélagið

– grafið undan menntakerfinu, heilbrigðiskerfinu og velferðarkerfinu

Upplýsingasímar

53 55 629

53 55 630

ekkertsvindl@asi.is





Grunnmenntaskólinn

Undirbúningur undir frekara nám

Þann 29. mars sl. útskrifuðust þrettán nemendur úr Grunnmenntaskólanum sem nú hefur starfað í sex ár. Hópurinn hefur verið við nám frá síðasta hausti. Kennsla fer fram tvisvar í viku og annan hvern laugardag. Mikil ánægja er með þetta nám í Grunnmenntaskólanum. Fram hefur komið að skólinn hefur

gefið þeim sem hafa stigið fyrstu sporin þar dug og þor til að takast á við frekara nám.

Það kom fram við skólaslitin að hópurinn hefði strax náð vel saman og að þau hefðu myndað öflugan hóp. Þau settu sér markmið og tókust á við þau og skoðuðu síðan í lokin hvernig til hefði tekist.

Helstu námsgreinar eru íslenska, enska, stærðfræði, tölvunám, sjálfstýrking, námstækni og skipulögð vinnubrögð. Hópurinn bjó til heimasíðu og vann vönduð hópverkefni sem vert er að skoða.

Þetta nám er komið til að vera og geta áhugasamir nú þegar skráð sig inn fyrir næsta vetur.



**Þetta er stórt markmið
- en ég skal ná því
- segir Sigríður Sigurðardóttir**

Við útskriftina las Sigríður Sigurðardóttir, einn nemenda, bréf sem hún skrifaði þegar skólinn byrjaði sem hjóð-

ar á þessa leið:

Í dag settist ég á skólabekk eftir 20 ára hlé. Þetta er stór stund og vonandi

næ ég þeim markmiðum að klára þetta nám og verð tilbúin að fara í framhaldsskóla þegar því lýkur eða næsta haust. Markmiðið er að ná góðu valdi á stærðfræði, íslensku og ensku og meiri færni á tölvu. Auka sjálfstraustið sem er ekki uppá marga fiska og læra að læra. Þá er líka nauðsynlegt að ná þeim aga að geta verið í fullri vinnu og stundað líka nám. Hver veit nema ég verði orðin stúdent árið 2012. Þetta er stórt markmið en ég skal ná því. Í dag er ég búin að kynnast frábæru fólki frá hinum ýmsu stöðum sem langar að læra meira en vissi ekki hvar það átti að byrja. En svo kom þessi frábæra lausn og ég vona að ég standist hana og verði orðin ferari í þessum greinum en ég var áður en ég byrjaði.

Þegar Sigríður er spurð hvort að væntingar hennar til námsins hafi ræst, segir hún svo vera. Ég er komin með ágætis grunn í þeim greinum sem við lærðum í skólanum og sjálfstraustið hefur aukist það mikið að ég hef sett stefnuna á stúdentspróf.

Íslendingar keppa í uppvaski í Svíþjóð

Landsliðið í uppvaski heldur utan til Svíþjóðar n.k. laugardaginn til að keppa í Norðurlandamótinu í uppvaski sem fram fer þriðjudaginn 25. apríl á sýningunni Castro Nord.

Íslensku keppendurnir lentu í fimm efstu sætum eftir harða keppni á Íslandsmótinu í uppvaski sem frá fór 30. mars s.l. á sýningunni Matur 2006 og unnu sér þar með rétt til þátttöku á mótinu.

Liðið skipa Erna Aðalheiður Karlsdóttir nýkrýndur Íslandsmeistari, Da Cadapon og Songmvang Wong Wan sem vinna á Landspítalanum, Brynhildur Magnúsdóttir frá Hrafnistu og Hugrún Ólafsdóttir frá Alcan.



Erna einbeitt á svip í keppninni

Vaskasti uppvasarinn

Mjög skemmtileg keppni

- segir sigurvegarinn Erna Aðalheiður Karlsdóttir

Keppnin Vaskasti uppvasarinn fór fram hér á landi í tengslum við vörusýninguna Matur 2006 þann 31. mars sl. í Fífunni í Kópavogi. Fjórtán keppendur sem vinna á veitingastöðum og heilbrigðisstofnunum börðust um titilinn og varð Erna Aðalheiður Karlsdóttir, starfsmaður í eldhúsinu á Nordica hóteli hlutskörpust. Hún hlaut m.a. Íslandsmeistaratitil og verður í fararbroddi Íslendinga á Norðurlandamóti uppvasara sem fram fer í Stokkhólmi 25. apríl. En auk hennar skipa landsliðið þau Da Chadapon og Songmvang Wong Wan sem vinna á Landspítalanum, Brynhildur Magnúsdóttir frá Hrafnistu í Hafnarfirði og Hugrún Ólafsdóttir frá Alcan.

Erna segir að keppnin hafi verið mjög skemmtileg og að það hafi verið gaman að sigra og komast í landsliðið sem keppir í Svíþjóð.

Ég er nýflutt til landsins frá Danmörku þar sem ég vann á skyndibita-staðnum Sunset Boulevard og þurfti stundum að setja í uppþvottavélina. Svo þegar ég kom heim fékk ég vinnu í

eldhúsinu á Nordica hóteli og hef unnið þar í einn mánuð, segir hún.

Erna lætur vel af vinnunni á Nordica og segist ekki geta verið annað en ánægð með viðburðaríkt tímabil eftir að hún flutti aftur til Íslands. Aðspurð hvort að Íslandsmeistarinn vaski upp heima hjá sér, segist hún losna við það en hún þrifi í staðinn.

Efling-stéttarfélag styður uppvask-

arakeppnina ásamt Klúbbi Matreiðslumeistara og John Lindsey sem er aðalstyrktaraðili keppninnar. Keppnin hefur verið haldin í nokkur ár en þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingar taka þátt. Markmiðið með keppninni er að auka virðingu fyrir störfum sem tengjast baksviði veitingahúsa og mótuneyta en þar eru meðal mikilvægustu starfsmanna uppvasara hússins.



Sigurliðið var brosmilt að keppni lokinni



Loksins var komið að námskeiði fyrir strákana

Borgarstarfsmenn

Ný námsleið gekk vel

Stór hópur borgarstarfsmanna á umhverfissviði og framkvæmdasviði í Eflingu-stéttarfélagi lauk 40 tíma Fagnámskeiði I á dögunum. Það hafði dregist um nokkurt skeið að halda námskeið fyrir þennan hóp starfsmanna í nokkurn tíma en nú er þetta orðið að veruleika. Mikil ánægja er með námskeiðið og komust færri að en vildu.

Við útskrift af námskeiðinu kom fram að starfsmennirnir nutu þess að sækja sér námskeið og eru tilbúnir til að koma á framhaldsnámskeið næsta haust.

Námskeiðsnefnd Eflingar og umhverfissviðs og framkvæmdasviðs undirbjó námskeiðið með Mími – símenntun og einnig aðstoðaði Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem hafði unnið þarfagreiningu áður. Þar komu fram þær áherslur á hvaða þætti bæri að fjalla um á námskeiðinu.

Námskeiðsnefndin mun nú meta þetta verkefni og skoða framhaldið fyrir þessa starfsmenn og einnig þá sem ekki

hafa fengið sitt fyrsta námskeið. Gert er ráð fyrir að Fagnámskeiðin verði nokkur fyrir þessa starfsmenn.



Til hamingju drengir!!

Summer of School and Fun

Combination of a course in Icelandic and recreational activities for children, adolescents and adults

Summer of School and Fun offers a possibility to learn Icelandic, get basic information about the Icelandic society and take part in recreational activities

Reykjavík Adult Educational Center, Mímir-símenntun, The Intercultural Center

Courses for Adults in the Icelandic language and social education

Day classes: 3rd – 21st of July 9:20 -12:00 daily (50 hours)

Evening classes: 26th of June – 20th of July 18:00-21:00 three days a week (50 hours)

The Summer School is located in Austurbæjarskóli at Vitastígur.

Price: 22.000 kr. for citizens of Reykjavík. The Summer School is for those who have been living in Iceland for four years or less. Others are still welcome for the price of 33.000 kr.

On-site baby sitting is provided for children from the age of 18 months to 6 years during the day classes. The day-care service is only provided to participants of the language course.

Registration at Mímir-símenntun, Grenásvegi 16a, tel. 580-1800 until the 16th of June.

Reykjavík City Department of Sports and Leisure, Reykjavík City Education Department of Education, Social Services Skúlagata

Day Camp and language training for children 6 – 12 years

The Day Camp is located on different sites in Reykjavík and the children attend the one closest to their homes. Language training for foreign children will be a part of the cultural and recreational activities. It is free of charge for those who have lived in Iceland for four years or less.

Registration at ÍTR, Fríkirkjuvegi 11, tel. 411- 1111

Reykjavík Municipal Work School, Reykjavík City Department of Education, Social Services Skúlagata

Work School for adolescents 13-16 years

Work School offers five weeks of summer work to students in 8th – 10th class from the 12th of June. Adolescents who have been living in Iceland for two years or less will get some language training and social education.

Registration at Umhverfissvið, Skúlagötu 19, tel. 411-111 until the 10th of May.



Atvinnulaust fólk

Tengsl Eflingar við atvinnulaust fólk rofin

Fram er komið á Alþingi frumvarp um atvinnuleysistryggingar sem munu rjúfa þau tengsl sem verið hafa milli trygginganna og stéttarfélaganna VR og Eflingar í Reykjavík. Tvær nefndir hafa um árabíl verið starfandi í Reykjavík þar sem úthlutun og afgreiðsla atvinnuleysisbóta fer fram. Samkvæmt frumvarpinu verður ein úthlutunarnefnd yfir allt landið sem ákveður bætur allra atvinnulausra á landinu. Vinnumálastofnun mun yfirtaka alla framkvæmd laganna um atvinnuleysistryggingar. Efling-stéttarfélag og VR hafa mótmælt þessum breytingum á lögunum og telja að með þessu móti verði þau beinu tengsl sem félögin hafa átt við atvinnulaust fólk rofin. Jafnframt varar Efling við því að taka upp nýja og fjarlæga tryggingastofnun sem á að afgreiða allar bætur á landinu.

Efling og VR ræddu málið á fundi með félagsmálaráðherra fyrir skömmu þar sem farið var yfir helstu rök félaga gegn þessu nýja fyrirkomulagi. Mikil hagræðing hefur átt sér stað með því að einungis hafa starfað tvær úthlutunarnefndir í Reykjavík undanfarin ár, en áður voru nefndir starfandi almennt í stéttarfélögunum. Þrátt fyrir það hefur Vinnumálastofnun knúið á um þessa

Sem dæmi um hvaða áhrif þetta hefur er að fjórir af hverjum fimm atvinnulausum í úthlutunarnefnd nr. 1 í Reykjavík hafa verið úr Eflingu en mun færri í öðrum félögum

breytingu þar sem öll umsjón með málafnum atvinnulausra er flutt inn í eina ríkisstofnun.

Sem dæmi um hvaða áhrif þetta hefur er að fjórir af hverjum fimm atvinnulausum í úthlutunarnefnd nr. 1 í Reykjavík hafa verið úr Eflingu en mun færri í öðrum félögum. Við stórfellt atvinnuleysi skiptir það miklu máli fyrir félögin að vera í beinum tengslum við félagsmenn sína sem eru atvinnulausir. Þá er hægt að tengja saman ýmis félagsleg úrræði svo sem valkosti í menntunarmálum, aðstoð í sjúkrasjóðum við veikindi og fjölmörg önnur félagsleg atriði sem koma til samkvæmt reynslu Eflingar.

Á þetta hafa forystumenn Eflingar og VR bent undanfarin ár en Vinnumálastofnun hefur leynt og ljóst stefnt að nýju tryggingastofnunarkerfi á vegum

þessarar ríkisstofnunar.

Nýja frumvarpið er bæði um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir og byggist á samkomulagi milli ASÍ og SA. Annars vegar er um að ræða frumvarp til staðfestingar fyrirheitum ríkisstjórnarinnar við framlengingu kjarasamninga 15. nóvember sl. Þar er m.a. átt við tekjutengingu bóta en tíma- bótanna er stytta og inn koma ýmis réttindamál sem fylgja nýjum reglum um atvinnuleysisbætur. Þ.á.m. hverfur regluleg skráning atvinnulausra en í staðinn er gert ráð fyrir samskiptum við ráðgjafa fyrir atvinnulaust fólk. Öll þessi atriði byggjast á fyrirheitum ríkisstjórnarinnar við framlengingu kjarasamninganna. Hér eru þættir sem eru til verulegra bóta

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs áhrifalaus

Vinnumálastofnun er nú falin framkvæmd laganna um atvinnuleysistryggingar, en stjórn atvinnuleysistrygginga er með frumvarpinu gerð áhrifalaus.

Í umræðum um málið innan Eflingar hefur komið annars vegar fram að stöðug þróun hefur verið í þá átt á síðustu árum að þurrka áhrif verkalyðshreyfingarinnar út úr félagsstofnunum stjórnvalda. Nefna má þar félags-

legar íbúðabyggingar og íbúðalánasjóð sem dæmi. Líta má þessa breytingu á atvinnuleysistryggingum í þessu ljósi. Einnig er það athyglisvert að ríkisstjórn

sem hefur einkavætt og fært verkefni til þeirra sem standa nálægt þjónustunni, annað hvort sveitarfélaga eða áhugasamtaka, er í þessu máli að fara þverfuga

leið sem felst í því að fela ríkisstofnun að fara með mál sem hingað til hefur að hluta til verið sinnt af stéttarfélögnum.

Félagsfundur Eflingar mótmælir

Stjórnvöld rjúfa tengsl við atvinnulaust fólk



Félagsfundur Eflingar haldinn 19. apríl sl. samþykkti samhljóða eftirfarandi ályktun um frumvarp um atvinnuleysistryggingar sem nú liggur fyrir Alþingi:

Fram er komið á Alþingi frumvarp um atvinnuleysistryggingar sem munu rjúfa þau tengsl sem verið hafa milli trygginganna og stéttarfélaganna VR og Eflingar í Reykjavík.

Tvær nefndir hafa um árabil verið starfandi í Reykjavík þar sem úthlutun og afgreiðsla atvinnuleysisbóta fer fram. Samkvæmt frumvarpinu verður ein úthlutunarnefnd yfir allt landið sem ákveður bætur allra atvinnulausra á landinu. Vinnumálastofnun mun samkvæmt frumvarpinu yfirtaka alla framkvæmd laganna um atvinnuleysistryggingar.

Efling-stéttarfélag og VR hafa mótmælt þessum breytingum á lögunum og telja að með þessu móti verði þau beinu tengsl sem félögin hafa átt við atvinnulaust fólk rofin. Jafnframt varar Efling við því að taka upp nýja og fjarlæga tryggingastofnun sem á að afgreiða allar atvinnuleysisbætur á landinu.

Félagsfundur Eflingar-stéttarfélags haldinn 19. apríl 2006 mótmælir þessum breytingum sem leiða til þess að samskipti stéttarfélaganna við atvinnulausa félagsmenn sína eru rofin.

Félagsfundurinn skorar á Alþingi að koma í veg fyrir að þessi þáttur frumvarpsins nái fram að ganga.



Spennandi ævintýri

Ítalíuferðin rann út

Ekki er að spyrja að áhuga félagsmanna á að ferðast með Eflingu

Þann 6. mars var hafist handa við að bóka fólk í tvær skipulagðar ferðir til Ítalíu í sumar. Fjöldi fólks beið fyrir utan skrifstofur Eflingar þegar bókanir hófust og var verið að bóka viðstöðulaust í rúma tvo klukkutíma en þá var önnur ferðin uppseld. Sú seinni seldist upp síðdegis þann sama dag.

Nú hefst undirbúningur ferðarinnar á fullu en það verður m.a. boðið upp á kynningarfund fyrir ferðirnar í vor. Spannandi dagsferðir eru í boði á Ítalíu og ævintýraleg fegurð bíður ferðalanga í þýsku Ölpunum. Fyrsti gististaður í ferðunum er rétt við Ólympíubæinn Garmisch-Partenkirchen í Ölpunum. Ferðalangar í þessar ferðir eiga vonandi spennandi ævintýri fyrir höndum.

Biðlistar eru að tæmast en enn eru fjögur sæti laus í seinni ferðina.

Árangursríkt nám

Trúnaðarmenn í Reykholti



Efnt hefur verið til námsferða fyrir trúnaðarmenn sem lokið hafa Trúnaðarmannanámskeiði II en að þeim loknum standa trúnaðarmönnum til boða margvísleg stutt námskeið til að bæta stöðu sína sem trúnaðarmenn. Á síðasta ári voru farnar nokkrar námsferðir með trúnaðarmönnum í einn dag en þá kom fram sú hugmynd að styrkja tengslin með því að fara í lengri ferðir.

Þess vegna voru undirbúnar þrjár námsferðir í Reykholt í Borgarfirði þar sem gist var eina nótt. Námskeiðið var í samtalstekni, rökstuðningi og úrlausn verkefna fyrir trúnaðarmenn í skipulögðum vinnubrögðum.

Þessir þrír hópar voru mjög ánægðir með árangurinn og telja þetta vera vænlega leið til að styrkja stöðu trúnaðarmanna í framtíðinni.

Kennurum frá Mími-símenntun tókst vel upp við að stýra hópeflisleikjum og kennslutímum. Þá voru bæði forystumenn og starfsmenn Eflingarstéttarfélags með í þessum ferðum en það er einn mikilvægur þáttur í góðum samskiptum milli trúnaðarmanna og stéttarfélagsins þeirra.

Frábært og uppbyggilegt námskeið

- segir Sigríður Eygló Hafsteinsdóttir



Sigríður Eygló Hafsteinsdóttir vinnur á leikskólanum Klettaborg og hefur verið trúnaðarmaður í tæp fimm ár. Ég hóf störf á leikskólanum fyrir 16 árum og starfið er alltaf jafn skemmtilegt, segir hún. Ég er afskaplega þakklát fyrir að hafa átt þess kost að koma hingað og fá aukna fræðslu um störf trúnaðarmanna og skemmta mér með frábærum félögum og kennurum.

Sigríður segir að samskiptaverkefni í upphafi hafi verið lærdómsrík. Verkefnið fólst m.a. í því að kennararnir tóku að sér hlutverk starfsmanna sem áttu við ólík vandamál að stríða á vinnustöðum og vildu ræða þau við trúnaðarmenn sína. Hver hópur fékk tvo einstaklinga í viðtöl og þegar málsatvik lágu fyrir áttum við að benda þeim á einhverjar lausnir. En það gekk ekki nógu vel í mínum hópi vegna þess að kennararnir sýndu snilldarleik í því að búa til vandamál sem voru erfið úrlausnar.

Sem trúnaðarmaður gæti maður þurft að takast á við svona mál og núna er ég miklu betur undirbúin ef til þess kemur, segir hún.

Við fengum tækifæri til þess að viðra okkur og fræðast um sögu Snorra Sturlusonar og Reykholts. Þegar við komum aftur á hótelið beið okkar heitt

kaffi og meðlæti og voru veitingarnar vel þegnar. Svo hófst vinnan aftur á manna-skiptaverkefni. Að því loknu fórum við út og gerðum nokkrar vel valdar slökunaræfingar og hældun svo uppá herbergi til þess að undirbúa okkur fyrir kvöldið. Dagskráin hófst á kvöldverði og síðan fluttu þátttakendur frumsamin

skemmtiatriði sem vöktu mikla kátínu viðstaddra.

Næst á dagskránni var síðan verkefna-vinna við rökstuðning í litlum hópum og námskeiðinu lauk með umfjöllun um námsráðgjöf á vinnustöðum.

Frábært námskeið og uppbyggilegt, sagði Sigríður.



Margrét Helgadóttir

Sterk samheldni í hópnum

Margrét Helgadóttir hefur unnið við umönnun hjá íbúðum aldraðra í Mosfellsbæ sl. 14 ár. Hún var trúnaðarmaður fyrir nokkrum árum en tók aftur við því hlutverki á síð-

astliðnu ári. Margrét segir að námskeiðið hafi verið alveg frábært og það hafi verið mjög gaman að fá tækifæri til þess að dvelja í Reykholti þessa tvo daga. Samheldnin í hópnum er sterk

og við náðum mjög vel saman. Ég er eini þátttakandinn sem ekki er frá Reykjavík. Flestir eru starfsmenn hjá Reykjavíkurborg og svo eru nokkrir starfsmenn frá félaginu í hópnum, segir hún og brosir.

Margrét segir að námskeiðið sé mjög vel skipulagt og námsefnið henti vel fyrir störf trúnaðarmanna. Kennararnir eru líka mjög færir og hafa miðlað okkur af þekkingu sinni af miklum dugnaði. Hún segir líka að mesta breytingin sem hún finni fyrir frá því hún byrjaði að vinna við umönnun sé hversu mikla möguleika fólk hafi til þess að mennta sig. Ég er að tala um félagsliðabrutina sem er sérhæft nám fyrir starfsfólk í umönnun, leikskólabraut og fagnám fyrir starfsfólk í eldhúsum og mótuneytum. Þá skilst mér að unnið sé að undirbúningi fleiri námsbrauta í starfsumhverfi félagsmanna og það finnst mér frábært, sagði Margrét að lokum.

Ég er þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að vera með þessu frábæra fólki og það ætti að gera meira af því að halda svona námskeið úti á landi, sagði Margrét að lokum.

Efling styrkir mikilvægt námsefni

Hugarhvarf - kennsluefni við umönnun heilabilaðra



Nú á dögnum kom út heimildarmyndin Hugarhvarf, sem m.a. er ætlað til að bæta úr brýnni þörf fyrir kennslu-

efni vegna umönnunar heilabilaðra. Undirbúningshópur sem vann að þessu verkefni sótti um styrk til Eflingar-

stéttarfélags til gerðar myndbandsins. Það voru þær Berglind Magnúsdóttir, sálfræðingur, Þórunn Bára Björnsdóttir, sjúkraþjálfari og Guðrún Hildur Ragnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur sem áttu hugmyndina að þessu þarfa verki og voru um leið handritshöfundar að myndbandinu. Styrkur var veittur m.a. til að tryggja aðgengi að kennslumyndinni fyrir umönnunarstarfsmenn sem eru í Eflingu-stéttarfélagi.

Mjög margir eru að vinna við umönnun heilabilaðra og er það bæði vandasamt og krefjandi starf þar sem mikið reynir á starfsfólkið.

Það er því fagnaðarefni að bætt sé við það kennsluefni sem til er en myndband þetta er skrifað af fagfólki með langa reynslu af vinnu með heilabiluðum og sem ber hag starfsmanna og skjólstaðinga mjög fyrir brjósti.



Hvernig á að nýta séreignarsparnaðinn?

Séreignarsparnaður hefur verið að aukast hjá félagsmönnum Eflingar-stéttarfélags á undanförunum árum enda mikilvægir tekjumöguleikar í húfi þar sem launagreiðandi greiðir 2% á móti framlagi launamanns til þessa sparnaðarforms.

Hjá Gildi - lífeyrissjóði er rekin sér-eignardeild sem fer vaxandi en þar er um þrjár sparnaðarleiðir að velja við hæfi hvers og eins. Þó séreignarsjóðirnir séu ekki nema nokkurra ára gamlir, þá er umtalsvert fé farið að safnast fyrir í þeim og mjög mikilvægt að fólk fari rétt að þegar kemur að því að taka peningana út.

Dæmi eru um að eigendur séreignarsparnaðar hafi ekki kynnt sér nægilega

Dæmi eru um að eigendur séreignarsparnaðar hafi ekki kynnt sér nægilega vel hvernig eigi að standa að þessu og þess vegna hafi hluti af sparnaðinum tapast.

vel hvernig eigi að standa að þessu og þess vegna hafi hluti af sparnaðinum tapast.

Þegar kemur að útgreiðslu séreignarsparnaðar þarf fólk að yfirfara fjármálin sín vel og velja rétta tímasetningu til útborgunar á séreignarsparnaðinum. Hafa ber í huga að ákveðið samspil er milli tekna fólks og lífeyrisgreiðslna úr Tryggingastofnun. Því er í flestum tilvikum besta leiðin varðandi sér-

eignarsjóðinn að taka sparnaðinn út fyrir töku lífeyris hjá Tryggingastofnun. Þannig hefur fólk einnig möguleika á að minnka við sig vinnu eða hætta jafnvel fyrr að vinna og brúa þannig bilið fram að töku ellilífeyris með greiðslum úr séreignarsjóði og nýta skattkortid á móti þeim greiðslum.

Mikilvægt er að leita sér ráða áður en útgreiðsla hefst til að fá sem besta niðurstöðu fyrir hvern og einn.

Veitt er ráðgjöf hjá Gildi - lífeyrissjóði um þessi mál og hvernig best er að standa að þeim.

Hafið því samband við Gildi, það borgar sig!!!



Danfoss ofnhitastillar

Háþróuð og notendavæn hitastýring sem veitir þægilega húshitun og hámarks orkusparnað



Danfoss er leiðandi í framleiðslu ofnhitastilla

Danfoss hf

Skútuvoði 6 104 Reykjavík
Sími 510 4100 • www.danfoss.is



Nefnd starfsmanna Eflingar fer yfir atvinnuleyfisumsóknir vikulega

Eins og kunnugt er gefa stéttarfélög- in í viðkomandi starfsgrein umsögn um ný atvinnuleyfi. Efling-stéttarfélag gefur umsagnir fyrir fjölda starfsgreina

t.d. fyrir byggingariðnaðinn og störf í öðrum verklegum framkvæmdum. Það er lang mest sótt um atvinnuleyfi fyrir erlenda starfsmenn í þau störf.

Er nú svo komið að sótt er um allt að hundrað ný leyfi í hverri viku

Þessum umsögnum hefur fjölgað mjög á undanförunum mánuðum og er nú svo komið að sótt er um allt að hundrað ný leyfi í hverri viku.

Flestar eru umsóknirnar fyrir nýja starfsmenn en nokkur hluti þeirra er einnig um endurnýjun leyfa.

Efling-stéttarfélag veitir erlendum starfsmönnum ýmis konar aðstoð vegna margvíslegra vandamála sem koma upp í samskiptum þeirra við atvinnurekendur. Mikilvægt er að sjá til þess að með kaup og kjör þeirra sé farið samkvæmt kjarasamningum og lögum.

Eitt af þeim úrræðum er að fara á vinnustaðina og hitta erlendu starfsmennina. Það er einnig gert í nokkrum mæli af hálfu starfsmanna Eflingar og annarra stéttarféлага. Undanfarið hafa flestar atvinnuleyfisumsóknir fjallað um fólk frá Póllandi, Litháen og Lettlandi.

Sumarfjarnám

Skráning í fjarnám á sumarönn 2006
fer fram á heimasíðu skólans dagana

22. maí – 2. júní.

Slóðin er : www.fa.is/fjarnam

50 áfangar í boði í sumar

Fagmennska - Reynsla - Frumkvæði



**FJÖLBROTASKÓLINN
VIÐ ÁRMÚLA**

Ármúla 12 • Sími: 581 4022 • Bréfasími: 568 0335

Eflingarferðirnar vinsælar

Strandirnar seldust upp



Sumarferð Eflingar-stéttarfélags um Strandirnar í sumar seldist upp á nokkrum klukkutímum. Mjög mikil aðsókn er í sumarferðir Eflingar í sumar og hófust bókanir 13. mars s.l. Það var fullbókað í Strandaferðina á rúmum

klukkutíma. Nokkur sæti eru laus í ferðina á Kirkjubæjarklaustur en mikil aðsókn er einnig í hana.

Þeir sem hyggjast fara í ferðina er bent á að bóka sig sem fyrst.

Mikið hefur verið spurt um það vegna

mikillar aðsóknar hvort farið verði aftur á Strandirnar sumarið 2007 en það verður athugað. Aðeins er hægt að komast með um 50 manns í einum hóp miðað við þá gistingu sem í boði er.

Vinnuheimsóknir til meginlandsins

Leonardoferðir halda áfram



Nú hefur verið tilkynnt um niðurstöður hjá Leonardó vegna manna-skiptaverkefna á næsta tímabili. Efling - stéttarfélag sótti um fyrir 35 starfsmenn frá tíu fyrirtækjum og samtökum til að heimsækja vinnustaði og fræðsluaðila erlendis.

Niðurstaðan er að allar umsóknir sem tengdust Eflingu voru samþykktar. Þetta þýðir að ferðir halda áfram fyrir félagsmenn Eflingar til að kynnast samþrilegum störfum og þeim námskeiðum sem tilheyra viðkomandi starfi.

Nú er verið að ljúka síðastu úthlutun hjá Eflingu-stéttarfélagi og eru eftir þrjár ferðir á vegum Leonardo þar sem skoðað verður m.a. námsumhverfi trúnaðarmanna í Bretlandi.

Það er spennandi verkefni framundan að undirbúa næstu hópa og sjá þetta þróast áfram, félagsmönnum Eflingar til aukins þroska og meiri þekkingar fyrir viðkomandi starfsmenn og fyrirtæki þeirra.



Njóttu dagsins **Taktu flugið**

Aðeins fimm skref á Netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara.

Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.

Njóttu dagsins, taktu flugið og smelltu þér á flugfelag.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið



Vinnustaðaheimsókn

Iss Ísland



Iss Ísland hóf starfsemi hér á landi fyrir 25 árum og er tengt alþjóðafyrirtækinu ISS sem starfar í 44 löndum. Megin þjónustuvið fyrirtækisins eru ræstingar, fasteignaumsjón, skrifstofuaðstoð og umsjón með mötuneytum í fyrirtækjum en þjónusta á því sviði hófst fyrir tveimur árum. Þá sér fyrirtækið um rekstur kaffihúss á neðstu hæðinni í Domus Medica við Eiríksgötu þar sem að starfsfólk og gestir geta notið fjölbreyttra veitinga í notalegu umhverfi. Fyrirtækið starfar á landsvísi og er með um 730 starfsmenn á aldrinum 17 til 80 ára og eru langflestir félagar í Eflingu-stéttarfélagi. Blaðið leit við á nokkrum vinnustöðum Eflingarfélaga sem starfa á hjá Iss Ísland og var fyrsti staðurinn kaffihúsið í Domus Medica.

Birgitta Hilmarsdóttir

Góð aðstaða fyrir starfsfólkið

Birgitta Hilmarsdóttir sér um daglegan rekstur kaffihússins. Hún sagði að eingöngu væri boðið uppá úrvals veitingar hjá þeim og að flestir viðskiptavinir þeirra tengdust starfsemiinni sem fram fer í húsinu. Ég byrjaði að vinna hér í lok október sl. og það er búið að vera nóg að gera síðan. Hún segir líka að aðstaðan fyrir starfsfólkið sé góð og sér líði vel í vinnunni. Ég vinn frá 9.00 til 17.00 á virkum dögum en það er lokað um helgar og á helgidögum.



Þessi vinnutími hentar mér mjög vel vegna þess að ég á fjögur börn og þarf

líka að hafa tíma til að sinna þeim, sagði Birgitta að lokum.



Kann ágætlega við þessa vinnu

-segir Tarik Fritah

Tarik Fritah var að þrifa gólf í Prentsmiðjunni Odda. Hann sagði að þrír starfsmenn frá Iss Íslandi ættu að sjá um ræstingar í prentsmiðjunni. Tvær konur sjá um skrifstofuna og mötuneytið en ég sé um að þrifa í prentsalnum, segir hann.

Tarik segist mæta í vinnuna klukkan átta á morgnana og yfirleitt sé hann búinn með sinn hluta um hádegi og taki þá matarhlé. Klukkan fjögur fer ég svo að skúra í Menntaskólanum við Sund, segir hann.

Ég kann ágætlega við þessa vinnu og launin eru ágæt, sagði Tarik og var þotinn af stað með tæki sem hann notar við þriffin.



Sylwia Ert

Vinn fjölbreytt störf hér

Fyrirtækið starfar á landsvísu og er með um 730 starfsmenn á aldrinum 17 til 80 ára

Sylwia Ert var stödd á fimmtu hæð á Hjúkrunarheimilinu Skjóli með ræstingavagninn sinn og hafði nýlokið við þrif á herbergi. Hún segir að vinnutíminn hefjist klukkan átta og hún þrif bæði á göngunum og herbergjum. Þá vinn ég líka í eldhúsinu við að vaska upp og skera niður ávexti þannig að ég vinn fjölbreytt störf hér, segir hún.

Sylwia segir líka að vinnuaðstaðan sé mjög góð. Ég hef aðgang að mötuneyti og svo er mjög góð aðstaða til þess að hafa fataskipti og við höfum fataskápa og aðgang að sturtu eftir vinnu. Launin eru líka í lagi en maður hefði ekkert á móti því að þau væru hærri, segir hún og brosir. Það er mjög gott að vinna hjá Iss Ísland. Ég hætti í smá tíma en ég kom aftur og mér finnst mjög gaman að þrifa hér og líka heima hjá mér, sagði Sylwia að lokum.

HALDIÐ BARNAAFMÆLIÐ Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINUM

.....
KR. 950.- Á MANN
.....

Innifalið er kaka eða pizza, gos eða mjólk, ís og aðgangur í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.



FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

Nánari upplýsingar í síma 575 7800



Fyrir hvert annað

Hlakka til að verða „heldri borgari“

- sagði Hrefna Magnúsdóttir

Ég hlakka til að verða „heldri borgari“ vegna þess að þá get ég farið að sinna áhugamálum mínum og alls þess sem er í boði, meðan heilsan leyfir, sagði Hrefna Magnúsdóttir, félagsliði, á málþingi á dögnum sem bar yfirskriftina *Fyrir hvert annað*.

Hrefna fjallaði um reynslu sína í starfi fyrir heimaþjónustuna á Aflagrandi og mikilvægi þess að ungt fólk sem er að

byrja starfsævina fái tækifæri til þess að kynnast lífi aldraðra, sjúkra og fatlaðra, samhliða skólanámi. Þegar ég var yngri var spáð fyrir mér að mín bestu ár yrðu efri árin mín. Þá varð ég hálf fúl. Mér fannst allt of langt að bíða eftir þeim. En núna er stutt í að spádómurinn rætist og ég er sátt, sagði Hrefna.

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar stóð fyrir Málþingi sem hafði yfirskriftina „Fyrir hvert annað“ og fjallaði um þátttöku í þjónustu miðstöðvarinnar. Er málþingið liður í vitundarvakningu um mikilvægi þess að vinna gegn félagslegri einangrun, hvernig hægt sé að setja þjónustuna í félagslegt samhengi og hvernig við störfum á forsendum þeirra sem fá þjónustuna.

Málþinginu var skipt í þrennt. Fyrst

var fjallað á fræðilegan hátt um hvernig megi virkja aflíð sem býr með okkur sjálfum, um breyttar kröfur fólks á efri árum og hvaða viðhorf ríkja til félagslegrar þjónustu. Því næst var fjallað um reynsluna af starfinu. Sagt var frá félagsstarfi á vegum notendaráðs Aflagrandi, hvernig félagsliði upplifir starf sitt, fjallað um sýn starfsmanns sem bæði þarf á þjónustu að halda og veitir hana.

Í lokin voru svo málin rædd með pallborðsumæðum. Sjónarmið helstu hagsmunahópa komu fram á málþinginu sem og fagleg sjónarmið starfsmanna og fræðimanna. Þingið sóttu starfsmenn af flestum þjónustumiðstöðvum í borginni og athygli vakti góð mæting frá notendaráðum úr félagsmiðstöðvum borgarinnar.

Þegar ég var yngri var spáð fyrir mér að mín bestu ár yrðu efri árin mín. Þá varð ég hálf fúl



ÞÚ ÁTT RÉTT Á AÐ VITA HVAD HLUTIRNIR KOSTA

Verslunareigendum ber skylda til að verðmerkja allar vörur samkvæmt lögum. Þetta á jafnt við inni í verslunum sem í búðargluggum. Verðmerking á að vera vel sýnileg og ekki má fara á milli mála til hvaða vöru hún vísar.

Oft getur verið erfitt að átta sig á hagkvæmstu kaupunum þar sem úrval af vörum er mikið og pakkningar misstórar. Til að auðvelda þér að bera saman verð hafa því verið settar reglur sem skylda verslunareigendur til að gefa upp mælingingarverð vöru, auk söluverðs.

Notaðu rétt þinn.



NEYTENDASTOFA

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • Sími 510 1100 • www.neytendastofa.is



Örorkumálin í brennidepli

Skapa þarf tækifæri á starfsendurhæfingu

Mjög fjölmenn ráðstefna var haldin á vegum Landsamtaka Lífeyrissjóða þar sem örorkumálin voru í brennidepli. Mörg erindi voru flutt á ráðstefnunni þar sem farið var yfir þróun örorkumála hjá lífeyrissjóðunum og í samfélaginu. Farið var yfir nýjustu rannsóknir á sviði örorkumála og hvernig brugðist er við af hálfu opinberra aðila um starfsendurhæfingu. Í flestum erindunum kom fram að auka þurfi starfsendurhæfingu verulega og leggja í þann málaflokk verulega aukna fjármuni.

Lagt hefur verið til við Heilbrigðisráðuneytið að vinna að nýju skipulagi á starfsendurhæfingarferli þannig að það auðveldi fólki að finna leiðir við hæfi hvers og eins. Á þessari ráðstefnu kom líka fram að nauðsynlegt er að grípa inn í óvinnufærni og viðhalda tengslum einstaklinga við vinnustaðinn. Mið-

Viljinn til að vinna er mestur í upphafi veikinda og áður en of langur tími er liðinn þarf að skapa fólki tækifæri á starfsendurhæfingu sem fyrst

punkturinn í endurhæfingavinnunni er viljinn til að vinna. Viljinn til að vinna er mestur í upphafi veikinda og áður en of langur tími er liðinn þarf að skapa fólki tækifæri á starfsendurhæfingu sem fyrst.

Lagt er til að stofnuð verði Miðstöð starfsendurhæfingar þar sem fólk á kost á að fá greiningu á hvað sé besta leiðin til að ná vinnufærni að hluta eða öllu að nýju. Mikið er í húfi því langflestir vilja vera virkir þátttakendur á vinnumark-

aði og virkir þátttakendur í lífsfyllingunni sem þátttakan skapar.

Í kjölfar þessarar ráðstefnu verður unnin ný örorkuskýrsla á vegum LL sem gefur glögga mynd af mörgum þáttum örorkumála og styrkir umræðuna um frekari vinnu við að þróa nýjar leiðir í starfsendurhæfingu og forvarnavinnu til að hjálpa fólki að komast aftur til starfa og lenda síður í fátækragildru örorkunnar.

Nú er að störfum nefnd á vegum forsætisráðuneytisins sem hefur það hlutverk að yfirfara stöðuna og leggja til samræmd vinnubrögð við örorkumót milli TR og lífeyrissjóða og starfsendurhæfingarráði verði fjölbreyttari miðað við starfsgetu hvers og eins.

Þessi vinna miðar að því að draga úr vaxandi örorkubyrði lífeyrissjóðanna og til að skapa fleiram fólki tækifæri til að vera á vinnumarkaði.




Með ánægðustu viðskiptavinina!



Allt frá upphafi hefur Nóatún lagt megináherslu á sérhæfingu og góða þjónustu með kjötvörur. Með árunum hefur Nóatún þróað stefnu sína enn frekar þannig að ferskleiki, fagmennska og góð þjónusta eru ávallt í fyrirrúmi.

Enn eitt árið er Nóatún með ánægðustu viðskiptavinina á matvörumarkaði samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni.

Nóatún lítur á niðurstöðu Íslensku ánægjuvogarinnar sem hvatningu til þess að halda áfram á sömu braut og tryggja áfram ánægju viðskiptavina sinna með framúrskarandi þjónustu og gæðavörum.



Nóatún er með ánægðustu viðskiptavinina á matvörumarkaði samkvæmt íslensku ánægjuvoginni hjá Gallup!



Dreifnám

Nýjar námsleiðir fyrir félagsliða

Borgarholtsskóli býður upp á svokall- að dreifnám fyrir væntanlega félagsliða. Dreifnámið er byggt upp sem fjarnám í staðbundnum lotum á fjórum önnum. Námið byggir á þrenns konar vinnu- aðferðum, verkefnavinnu þar sem nem- endur vinna verkefni sem þeir sækja á netið og skila á netinu, staðbundnum lotum þar sem nemendur hittast með kennara þrisvar sinnum á önn tvo daga í senn og netumræðum eina klukku- stund á viku í hverjum áfanga þar sem kennari og nemendur ræða námsefnið sín á milli.

Þetta fyrirkomulag gerir nemendun- um kleyft að uppfylla fjölbreytt mark- mið námsins í hópvinnu og umræðum auk þess sem þeir læra að temja sér fjölbreytt vinnubrögð. Leitast er við að

tengja verkefni sem mest starfsumhverfi nemenda og samtímanum. Námsmat mun að mestu leyti felast í stöðugu mati á virkni og verkefnum nemenda.

Hægt er að kynna sér námið frekar á heimasíðu Borgarholtsskóla www.bhs.is.

Fræðslusjóðir Eflingar-stéttarfélags niðurgreiða námið.

Vilt þú verða félagsliði?

Stefnt að nýjum hóp í námið

Nú er hafin vinna við að und- irbúa nýjan hóp í félagsliðanámið næsta haust. Í samvinnu við Mími – símenntun er stefnt á að kennsla fyrir nýjan hóp sem vill stefna á að verða félagsliðar hefjist í haust.

Nú er hægt að skrá sig hjá Eflingu-

stéttarfélagi svo hægt sé að sjá hver áhuginn er þannig að hægt sé að skipuleggja námið með góðum fyrir- vara.

Skráning fer fram hjá Eflingu hjá Sigurlaugu Gröndal eða Fjólu Jónsdóttur í síma 510 7500.



Íþróttasúrmjólkinn, Hnetu-og karamellusúrmólkinn og Jarðarberjasúrmjólkinn unnu tvö gull og silfur í sínum flokki í Herning

*Vönduð vinnubrögð
skila okkur í fremstu röð!*

Fagnámskeiði II í MK lokið

Bætti heilmiklu við kunnáttuna

segir Brynhildur Bjarnadóttir



Glaður útskriftarhópur í MK

Fagnám I og II fyrir starfsfólk í eldhúsum og mótuneytum hófst í annað sinn sl. haust í Menntaskólanum í Kópavogi og voru sextán nemendur útskrifaðir þann 5. apríl sl. Námið tók tvær annir og nemendur sóttu alls 120 kennslustundir og fengu sjö einingar til framhaldnáms í námslok. Brynhildur Bjarnadóttir, matráður í mótuneyti Gúmmívinnustofunar á Réttarhálsi var í hópnum og blaðið náði blaðið tali af henni þegar að útskriftinni lauk.

Hún sagðist hafa séð umfjöllun um námskeiðið í Fréttablaði Eflingar sem vakti athygli sína og eftir að hafa lesið hana hafi hún ákveðið að sækja um. Ég er búin að vinna í mótuneytinu í sex ár og hef ekki sótt námskeið áður og hugsaði að það gæti verið gaman að fara, segir hún.

Námskeiði hófst í október og ég var svolítið kvíðin þegar ég mætti í fyrsta tímann. En það lagaðist fljótlega með auknum samskiptum mínum við aðra nemendur og kennarana.

Það fækkaði á námskeiðinu eftir því sem leið á en hún segir að ástæðuna megi oftast rekja til persónulegra aðstæðna en ekki til námsins vegna þess að allir eru sammála um að skipulagið og námsefnið sé mjög gott.

Mestum tíma er varið í kennslu í næringarfræði og það kom sér strax vel þegar ég var að skipuleggja matseðilinn fram í tímann. Svo lærðum við líka hreinlætisfræði, samskiptatækni og á tölvu. Þá var verkleg kennsla í eldhúsinu í einn dag fyrir og eftir áramót og ég bætti heilmiklu við kunnáttu mína í matreiðslu báða dagana.

Þetta hefur verið frábær tími og kennarar og nemendur hafa staðið sig vel.

Brynhildur segir líka að flestir starfsmenn Gúmmívinnustofunnar séu karlar sem vinni erfiðisvinnu og þeir vilji fá kjarngóðan mat í hádeginu. Kjöt og



Brynhildur Bjarnadóttir

fiskur er í mestu uppáhaldi hjá þeim og neysla grænmetis hefur aukist mikið uppá síðkastið. Á morgnana er boðið uppá kaffi og meðlæti og þeir sem vilja, fá lýsi og áður en ég fer heim skil ég eftir smurt brauð og kex á borðum, sagði Brynhildur að lokum.

Ingunn Jónsdóttir

Námið nýtist vel í mótuneytinu

Ingunn Jónsdóttir, matráður, hefur unnið í mótuneyti hjá Íslensk - Ameríska á Tunguhálsi síðastliðin fimm ár. Daglega koma nærri 40 manns í mótuneytið í hádeginu og fæðið er bæði fjölbreytt og hollt.

Yfirleitt byrja ég á því að hella uppá könnuna og útbúa meðlæti með kaffinu á morgnana áður en undirbúningurinn hefst með hádegismatinn, segir hún.

Ég sá námskeiðið auglýst í Fréttablaði Eflingar og eftir að hafa kynnt mér námsefnið ákvað ég að sækja um, segir hún. Það skipti líka máli að ég þarf ekki að leggja til eina krónu í kostnað vegna námsins.

Næringarfræði er stærsti hluti námsins og svo höfum við líka lært samskipti og tjáningu, örverufræði og á tölvu. Þá lærðum við matreiðslu, undir hand-

Skipta miklu máli að geta boðið uppá góðan og fjölbreyttan mat og að fólk hafi gaman að því að borða hann

leiðslu matreiðslumeistara og tíminn sem fór í það var bæði lærdómsríkur og skemmtilegur.

Hún segir að námið hafi nýst sér vel í mótuneytinu. Einkum þegar hún er að setja saman matseðilinn. Mér finnst skipta miklu máli að geta boðið uppá góðan og fjölbreyttan mat og að fólk hafi gaman að því að borða hann. Uppáhaldsrétturinn hjá starfsfólkinu er lax sem ég matreiði eftir eigin uppskrift og svo finnst mér líka gaman að hafa eftirrætti.

Veturinn er búinn að vera mjög skemmtilegur og kennarar og nemendur hafa staðið sig mjög vel og ég sé alls ekki eftir tímanum sem hefur farið í námið, sagði Ingunn og brosti.



Ingunn Jónsdóttir



Hússtjórnaskólinn í Reykjavík

Nám við Hússtjórnaskólann er 1 önn. Haustönn eða vorönn. Námið er metið til 25 eininga.

